



Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Samtök iðnaðarins

Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 22. nóvember 2007

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um skattaávilnanir vegna rannsókn- og þróunarverkefna, 14. mál.**

Samtök iðnaðarins styðja eindregið þá stefnu sem þingsályktunartillagan ásamt meðfylgjandi greinargerð felur í sér.

**1. Brýn þörf nýsköpunar- og sprotafyrirtækja fyrir fjármagn til rannsókn- og þróunarstarfs.**

Mikill og langvarandi markaðsbrestur hefur verið í fjármögnun nýsköpunar- og sprotafyrirtækja á Íslandi. Hann hefur leitt til þess að nýliðun fyrirtækja sem byggja á umfangsmiklu rannsókn- og tækniþróunarstarfi hefur nær stöðvast á undanförmum árum. Á sama tíma hafa starfandi nýsköpunar- og sprotafyrirtæki barist í bökkum og þeim fækkað og jafnvel flutt úr landi. Stærri hátækniyrirtæki hafa flestöll valið þá leið að byggja upp framtíðarvöxt sinn erlendis þar sem óhagstæð gengisþróun, háir vextir, dýr aðföng og takmarkað aðgengi að vel menntuðu vinnuafli hamla vexti þeirra hér á landi.

Stjórnvöld flestra OECD ríkja hafa fyrir löngu gert sér grein fyrir að vöxtur hátækni iðnaðar sem býður áhugaverð og vel launuð framtíðastörf fyrir ungt fólk er eitt brýnasta verkefni þeirra til að tryggja fjölbreytt atvinnu- og mannlíf til framtíðar. Þau hafa líka gert sér grein fyrir því að slík uppbygging gerist ekki af sjálfu sér. Þess vegna hafa þau keppt við að skapa kjörskilyrði til að efla uppbyggingu og vöxt þessara fyrirtækja og jafnvel unnið markvisst að því að laða slík fyrirtæki til sín frá öðrum löndum með því að bjóða þeim upp á ýmist hvetjandi starfskilyrði og reglur þ.m.t. skattaávilnanir sem miða sérstaklega að þörfum þessara fyrirtækja.

**2. Mikil ánægja með endurgreiðsluleiðina meðal norskra fyrirtækja**

Nefnd sem fyrrverandi iðnaðarráðherra skipaði til að fjalla um fjármögnun nýsköpunar gerði að tillögu sinni að fara norsku leiðina sem nefnd er í greinargerðinni. Sú tillaga náði því miður ekki fram að ganga í tíð síðustu ríkisstjórnar þrátt fyrir mikinn stuðning við tillöguna í hópi hátækni- og sprotafyrirtækja. Í því sambandi má nefna að tillagan var rædd á Sprotabingi í febrúar 2007 hafnaði þar í öðru sæti á eftir tillögu um eflingu Tækniþróunarsjóðs.

Helsti kosturinn við endurgreiðsluleið Norðmanna eru hversu einföld og opin hún er í framkvæmd og að hún getur nýst fyrirtækjum í öllum greinum óháð því hvar þau eru stödd á þróunarbrautinni. Norska leiðin felur hins vegar ekki í sér neina skattaávilnun. Það er þó tvennt sem tengir fyrirkomulagið skattkerfinu. Annars vegar er rétturinn til endurgreiðslu tengdur skattskyldum fyrirtækjum. Hin tengingin við skattkerfið er að greiðslukerfi skattsins er nýtt til að koma fjármuninum til fyrirtækjanna, annað hvort í formi frádráttar frá skattgreiðslum eða með beinum endurgreiðslum til þeirra fyrirtækja sem ekki greiða skatt.

Annar kostur við norsku leiðina er að sá að lítil fyrirtæki fá þarna öðruvísi aðkomu að fjármagni en þá sem felst í að sækja um stuðning í samkeppnisjóði á borð við Tækniþróunarsjóð. Þar lenda verkefni lítilla fyrirtækjanna oft í óvæginni samkeppni um afar takmarkaða fjármuni við stofnanir og önnur fyrirtæki með mikla reynslu af umsóknarferli samkeppnissjóðanna. Góð verkefni geta þannig oft orðið undir í samkeppninni af umsóknartæknilögum ástæðum eða einfaldlega vegna þess að fjármagnið er svo takmarkað.

Það er því ekki af ástæðulausu að systursamtök SI í Noregi og fyrirtæki í þeirra röðum hafa lagt mikið upp úr því að viðhalda og þróa þessa norsku leið.

### 3. Aðrar leiðir

Þessi þingsályktunartillaga felur í sér möguleika á því að skoða fleiri leiðir en þá norsku, m.a. leiðir til skattaívilnanavegna rannsókna og þróunarstarfsemi. Þó vissulega komi aðrar leiðir til greina en sú norska þá fylgir því mikill kostur að taka upp leiðir sem hafa sannað sig hjá öðrum þjóðum. Í því sambandi má nefna að hægt er að taka reynslu þessara þjóða með strax frá upphafi og ekki þarf að óttast að fyrirkomulagið brjóti í bága við alþjóðlega samninga sem Ísland á aðild að. Hér er því lagt til að lögð verði áhersla á taka upp umrædda norska leið í endurgreiðslu rannsókna- og þróunarkostnaðar án þess að dreifa kröftunum um of í að skoða margar leiðir.


Eitt af því sem þó gæti verið þess virði að skoða ef menn vilja kanna leiðir til skattalegra ívilnana er að kanna hvernig koma má til móts við áhættu fjárfesta við fjárfestingar í sprotafyrirtækjum með skattalegri hvatningu. Slík viðbótarhvatning gæti skipt miklu máli, en það skal þó tekið skýrt fram slík leið kæmi ekki í staðinn fyrir framangreinda endurgreiðsluleið.

### 4. Mikilvægt að hraða meðferð og skapa þverpólítíska samstöðu

Eins og fram kemur hér að framan er brýnt að hefja strax markvissar aðgerðir til að efla uppbyggingu hátækni- og sprotafyrirtækja á Íslandi og snúa þannig vörn í sókn. Í samstarfssamningi ríkistjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er slík stefna mörkuð. Hér má engan tíma missa. Samtök iðnaðarins hafa átt í viðræðum við iðnaðarráðuneytið og lagt fram heilsteypta aðgerðaáætlun undir merkjum Hátækni- og srotavettvangs - samstarfsvettvangs fyrirtækja, stjórnvalda og stoðkerfis um uppbyggingu hátækniíðnaðar. Í þeirri áætlun er einmitt bent á eflingu Tækniþróunarsjóðs og endurgreiðslukerfi vegna rannsókna- og þróunarstarfs sem hraðvirkustu og gagnlegustu aðgerðirnar sem kæmu sem flestum sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum til góða.

Samtök iðnaðarins hvetja alla þingmenn hvar í flokki sem þeir standa að styðja þá stefnu og markmið sem felst í framangreindri þingsályktunartillögu.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
 Davíð Lúðvíksson  
 Forstöðumaður/ starfsgreinar, þjónusta og þróun

  
 Jón Steindór Valdimarsson  
 Aðstoðarframkvæmdastjóri